

25. janúar 2016 kl: 19:30



## Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Lilja Gísladóttir og Ásrún Hersteinsdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. SAMTAKA. Fundur á vegum samtaka fyrir stjórnir foreldrafélaga verður haldinn mánudaginn 1. febrúar n.k. klukkan 18:00 í Síðuskóla.
2. SAMTAKA. Fulltrúar SAMTAKA mæta á stjórnarfund hjá okkur í mars og kynna félagið.
3. Fulltrúar í SAMTAKA. Ásrún kemur til með að sitja fundi SAMTAKA ásamt Guðbjörgu fyrir hönd Foreldrafélags Giljaskóla.
4. Bekkjarfulltrúar. Lilja hefur verið í sambandi við bekkjarfulltrúa og það virðist lítið vera að gerast þar um þessar mundir. Ákveðið að skoða málin aftur í mars og ýta þá undir að bekkjarfulltrúar sinni skyldum sínum í því hlutverki.
5. Fyrirkomulag bekkjarhittinga. Ýmsum hugmyndum velt upp með fyrirkomulag og framkvæmd bekkjarhittinga og bekkjarfulltrúa. Fyrirkomulagið virðist vera misjafnt milli skóla. Gaman væri að fá hugmyndir frá foreldrum um hvernig best væri að standa að bekkjarhittingum og samstöðu innan foreldrahóps hvers bekkjar.
6. Hverfisnefnd. Hverfisnefnd Giljahverfis ætlar að standa fyrir því að sett verði upp skilti við brettarampana þar sem kveðið er á um reglur á notkun þeirra. Leitað verður til nemenda skólans með hugmyndir að reglum og fyrirkomulagi á notkun.
7. Viðburðir. Foreldrafélagið vinnur að því að finna skemmtilega viðburði s.s. sýningar, forvarnafræðslu o.fl. sem félagið gæti boðið nemendum skólans upp á. Allar hugmyndir eru vel þegnar.
8. Hlynur Birgisson. Næsti stjórnarfundur verður haldinn mánudaginn 22. febrúar og mun þá Hlynur Birgisson umsjónarmaður félagsmiðstöðvarinnar mæta á fundinn og kynna starf hennar.

Fundi slitið kl. 20:40.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir